



Ársskýrsla 2010 - 2011

Aðalfundur Samtakanna

Fimmti aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var haldinn í Sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd miðvikudaginn 3. mars 2010. Fulltrúar mættu frá tíu heilsuleikskólum auk fulltrúa frá Skólum ehf, fyrirtæki sem rekur 5 leikskóla sem starfa eftir heilsustefnunni. Einnig mættu fulltrúar frá sjö leikskólum sem eru Leikskólar á heilsubraut. Fyrir fundinn var öllum gestum boðið að skoða Heilsuleikskólann Suðurvelli, þar sem tekið var á móti okkur með heimagerðum veitingum og fengum við fræðslu um innra starf skólans sem er í tveimur húsum á sömu lóð. Suðurvellir er fimmti heilsuleikskólinn á Íslandi og var vígður sem slíkur árið 2005. Skólastjóri þar er María Hermannsdóttir og aðstoðarskólastjóri Oddný Þóra Baldvinsdóttir.

Á dagskrá aðalfundar voru venjuleg aðalfundarstörf og kosning í stjórn. Unnur Stefánsdóttir var endurkjörin formaður og Sigrún Hulda Jónsdóttir varaformaður, en Hulda Jóhannesdóttir gaf ekki kost á sér sem varaformaður. Samkvæmt lagabreytingu sem samþykkt var á fundinum var fjölgað í stjórn úr þremur í fimm. Anna R. Árnadóttir var kosin gjaldkeri og María Hermannsdóttir ritari. Kristín Eiríksdóttir meðstjórnandi og Ingunn Ríkharðsdóttir varamaður. Skoðunarmenn reikninga voru kosnar þær Snæfríður Hlín Svavarsdóttir og Kolbrún Sigurðardóttir.

Árgjald verður óbreytt eða kr. 5,000 fyrir skóla með 50 börn eða færri, en kr. 10,000 fyrir leikskóla með fleiri en 50 börn. Árgjaldið fylgir almanaksárinu. Leiksóli sem fær vígslu sem heilsuleikskóli á tímabilinu 1. janúar til 30. júní greiðir fullt árgjald, en leikskóli sem fær vígslu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember greiðir hálft árgjald.

Samtökin opnuðu formlega heimasíðu 10. nóvember 2009. Hulda Jóhannesdóttir sá um að setja heimasíðuna upp og fyrirtækið Skólar ehf. Tók að sér að hýsa síðuna.

Sigrún Hulda Jónsdóttir gerði grein fyrir störfum vinnuhóps um endurskoðun Heilsubókar barnsins, sem vinnur það verkefni áfram. Stefnt er að því að 3. útgáfa Heilsubókar barnsins komi út 4. nóvember 2010 á 5 ára afmæli Samtakanna.

Huldu Jóhannesdóttur og Ingunni Ríkharðsdóttur var falið að endurskoða Viðmið Heilsuleiksóla og stefnt er að útgáfu á 5 ára afmæli Samtakann 4. nóvember 2010.



Á síðast aðalfundi var skipuð nefnd til að skipuleggja námsferð fyrir stjórnendur heilsuleikskóla á erlendri grundu. Ákveðið var að fara ekki í slíka ferð 2009. Nefndin mun skoða möguleika á námsferð að hausti 2010.

Formaður minntist á það í sinni framtíðarsýn að þörf væri á að skoða möguleika á því að semja Heilsubók ungbarna, þar sem einn ungbarnaleiksóli hefur sótt um að vera leikskóli á heilsubraut, en Heilsubók barnsins er miðuð við aldurinn tveggja til sex ára.

Gert var hlé á aðalfundi og snæddur ljúffengur hádegisverður, sem eldaður var af kennurum skólans Suðurvöllum. Í lok aðalfundar fengu fundarkonur kynningu á Qi Gong, sem er kínversk hugmyndafræði.

Stjórnarfundir

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu í matstofu ÍSÍ í Reykjavík, Höfðabakka 9 í Reykjavík og Heilsuleikskólanum Urðarhól í Kópavogi. Einnig voru tölvusamskipti notuð. Verkefni á borði stjórnar þetta starfsárið voru einkum leikskólar á heilsubraut, endurskoðun á Heilsubók barnsins, endurskoðun Viðmiða Heilsuleikskóla, Heilsubók ungbarna, fimm ára afmæli Samtakanna og námsferð til Ungverjalands.

Leikskólar vígðir

Alls voru 6 leikskólar vígðir sem heilsuleiksólar árið 2010 og var það metár.

Þann 12. maí var Bæjarból í Garðabæ vígður við hátíðlega athöfn á útivistarsvæði leiksólans í ágætu veðri. Skólastjórinn Kristín Sigurbergsdóttir ávarpaði gesti og rakti aðdraganda að þessu verkefni. Bæjarstjórinn Gunnar Einarsson flutti ávarp og færði skólanum leikefni að gjöf. Tveir elstu árganga skólans sungu nokkur lög undir stjórn kennara. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleiksóla flutti ávarp og afhenti viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuskóla. Skólastjóri, kennarar og börn fóru í skruðgöngu að fánastönginni og var fáninn dreginn að húni. Boðið var uppá ýmiskonar íþróttatilboð í garðinum og boðnar hollustuveitingar, grænmeti, ávextir og vatn.

Þann 11. júní var leikskólinn Háaleiti í Reykjanesbæ vígður sem heilsuleiksóli við hátíðlega athöfn í garðinum við skólann í blíðskapar veðri. Regína Rósa Harðardóttir skólastjóri flutti ávarp og lýsti gangi mála varðandi undirbúning að þessari athöfn. Ávarp flutti Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri. Elstu börnin sungu nokkur lög undir stjórn kennara. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleikskóla flutti ávarp og afhenti viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuskóla. Boðið var uppá ávexti, grænmeti og sólskynsdrykk.

Þann 16. júní var leikskólinn Hamravellir í Hafnarfirði vígður sem heilsuleiksóli við hátíðlega athöfn á útileiksvæðinu í góðu veðri. Sr.Kjartan Jónsson héraðsprestur flutti hugvekjju. Ragnheiður Gunnarsdóttir skólastjóri flutti ávarp og lýsti undirbúningi að þessum degi og að skólinn hafi frá opnun stefnt að þessum áfanga. Sigurborg Kristjánsdóttir þróunarstjóri á Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar flutti hvatningarorð og færði skólanum blóm.



Börn í útskriftarhóp sungu nokkur lög undir stjórn kennara. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleiksskóla flutti ávarp og afhenti viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuleiksskóla. Foreldrafélagið stóð að sumarhátíð á þessum degi og skólinn átti tveggja ára afmæli. Boðið var uppá Pollapönk, en einn meðlimur hljómsveitarinnar Heiðar Örn Kristjánsson er deildarstjóri í leikskólanum. Einnig kom Brúðubíllinn og skemmti börnunum með leikriti. Boðið var uppá sólskynsdrykk og niðurskorið grænmeti og ávexti.

Þann 10. október var leikskólinn Brimver á Eyrarbakka vígður sem

heilsuleiksskóli. Þetta gerðist á sunnudegi 10.10.2010, þannig sérstök dagsetning. Skólastjórinn M. Sigríður Jakobsdóttir bauð gesti velkomna og lýsti aðdraganda að þessu verki og nú væri komið að því að draumur yrði að veruleika. Formaður foreldrafélagsins Íris Böðvardsdóttir óskaði skólanum til hamingju og færði honum blóm. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleiksskóla flutti ávarp og afhenti viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuleiksskóla. Börn skólans sungu nokkur lög og boðið var uppá sólskynsdrykk, grænmeti og ávexti.

Þann 10. október var leikskólinn Æskukot á Stokkseyri vígður sem

heilsuleiksskóli. Þetta gerðist sama dag og á Eyrarbakka eftir hádegi. Skólarnir unnu saman að þessu verkefni. Ísrún Albertsdóttir skólastjóri sagði frá vinnu við undirbúning og ánægjunni við að koma því í framkvæmd. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleiksskóla flutti ávarp og færði skólanum viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuleiksskóla. Börn og kennarar drógu fánann að húni við hlið grænfána og íslenska fánanum. Börnin sungu nokkur lög meðal annars lag sem Ásgerður Tinna Jónsdóttir leiðbeinandi samdi textann við, sem fjallar um umhverfis- og heilsusáttmála Æskukots. Boðið var uppá niðurskorið grænmeti, ávexti m/ ídýfu og vatn að drekka.

Þann 19. október var leikskólinn Kæríbær á Kirkjubæjarklaustri vígður sem

heilsuleiksskóli í blíðskaparveðri innan dyra þar sem stór hluti íbúa byggðarlagsins voru viðstaddir. Skólastjórinn Þórunn Júlíusdóttir ávarpaði gesti og lýsti aðdraganda að þessu verkefni. Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri flutti ávarp, einnig formaður fræðsluráðs Jóhanna Jónsdóttir. Börnin í skólanum sungu og dönsuðu og nemendur tónlistarskóla Kirkjubæjarklausturs spiluðu nokkur lög. Unnur Stefánsdóttir formaður Samtaka Heilsuleiksskóla flutti ávarp og afhenti viðurkenningarskjal og fána með merki heilsuleiksskóla. Boðið var uppá nýuppteknar rófur og vatna.

Heilsuleiksskólar á Íslandi

Eftirtaldir leiksskólar hafa fengið viðurkenningu sem heilsuleiksskólar.

Urðarhóll í Kópavogi	1996
Krókur í Grindavík	2003
Garðasel á Akranesi	2004
Heiðarsel í Reykjanesbæ	2004
Suðurvellir í Vogum	2005



Samtök heilsuleiksskóla

Árberg í Árborg	2007
Krókaból á Akureyri	2007
Krakkakot á Hornafirði	2008
Laufás á Þingeyri	2008
Kór í Kópavogi	2008
Fálkaborg í Reykjavík	2009
Bæjarból í Garðabæ	2010
Háaleiti í Reykjanesbæ	2010
Hamravellir í Hafnarfirði	2010
Brimver á Eyrarbakka	2010
Æskukot á Stokkseyri	2010
Kæribær á Klaustri	2010

Alls eru heilsuleiksskólar í landinu þá 17. Þann 1. september n.k. eru 15 ár síðan Heilsuleiksskólinn Urðarhóll í Kópavogi var vígður sem fyrsti heilsuleiksskólinn á Íslandi.

Leiksskólar á Heilsubraut

Eftirtaldir 7 skólar hafa sótt um að vera á Leiksskóli á heilsubraut og sækja um að fá viðurkenningu á eftirfarandi tíma.

Leiksólinn Holtakot á Álftanesi vorið 2011

Leiksólinn Garðasel Reykjanesbæ september 2011

Ungbarnaleiksólinn Ársól Reykjavík haustið 2011

Leiksskólinn Skógarland Egilsstöðum haustið 2011

Leiksólinn Ugluklettur í Borgarbyggð september 2012

Leiksólinn Álfasteinn Hörgársveit nóvember 2012

Leiksólinn Andabær í Borgarbyggð í mars 2013

Nokkrir leiksólar hafa verið með fyrirspurnir en hafa ekki lagt inn umsókn.

Endurskoðun á Heilsubók barnsins

Á stjórnarfundum Samtakanna 4. nóvember 2008 var samþykkt að fela fulltrúum frá fjórum fyrstu heilsuleiksskólunum, Urðarhóli, Krók, Garðaseli og Heiðarseli að hittast og fara yfir Heilsubók barnsins og gera skil á vinnu sinni á aðalfundi 2009. Starfshópurinn hittist á sínum fyrsta fundi í Heilsuleiksskólanum Urðarhóli í desember 2008 og sat formaður Samtakanna einnig þann fund. Sigrún Hulda Jónsdóttir skólastjóri í Urðarhóli var beðin að vera formaður starfshópsins, auk hennar mættu til leiks Ingunn Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri í Garðaseli, Sif Stefánsdóttir, deildarstjóri í Heiðarseli og Bylgja Hédinsdóttir aðstoðarskólastjóri í Krók. Sigrún Hulda gerði skil á þeirri vinnu starfshópsins sem þegar hafði farið fram á aðalfundinum í Reykjanesbæ 2009 og vinna þeirra hélt áfram og gerði Sigrún aftur skil á stöðu mála á aðalfundinum í Vogum 2010. Bókin mun öll snúa eins og blaðið næring og svefn mun heita næring og sjálfshjálp. Mestar breytingar hafa orðið á blaðinu, sem metur hreyfifærni



barnsins. Á aðalfundinum í Vogum var ákveðið að reynslumestu heilsuleiksólarnir fengju eitt eintak til prufu og kæmu með skriflegar athugasemdir til nefndarinnar, en stefnt að því að Heilsubók barnsins verði tilbúin á fimm ára afmæli Samtakanna 4. nóvember 2010.

Endurskoðun á viðmiðum

Hulda skólastjóri í Króki tók upp umræðu á aðalfundinum í Reykjanesbæ árið 2009 að e.t.v. væri þörf á að endurskoða viðmið heilsuleiksskóla. Huldu og Ingunni skólastjóra í Garðaseli á Akranesi var falið að koma með tillögu á aðalfund 2010. Þær kynntu endurskoðuð viðmið heilsustefnunnar á aðalfundinum í Vogum 2010 og sögðu að ekki væri um miklar breytingar að ræða heldur meira að laga orðalag, uppsetningu og áherslur. Ákveðið var að senda öllum heilsuleiksskólunum viðmiðin og þeir beðnir að koma með skriflegar athugasemdir. Stefnt er að því að viðmiðin verði tilbúin 4. nóvember á 5 ára afmæli Samtakanna.

Heilsubók ungbarna

Á aðalfundinum í Vogum árið 2010 minntist formaður á það í sinni framtíðarsýn í ársskýrslu að einn ungbarnaleiksóli væri kominn á heilsubraut. Heilsubók barnsins nær hins vegar til barna á aldrinum tveggja til sex ára og því væri þörf á að skipa starfshóp til að semja „Ungbarnaheilsubók“. Nokkrar konur lýstu áhuga sínum á fundinum til að vinna slíkt verkefni. Á fyrsta stjórnarfundinum var skipaður starfshópur til að vinnu þetta verkefni. Þetta eru þær Sigrún Hulda jónsdóttir skólastjóri í Urðarhól í Kópavogi, Berglind Grétarsdóttir skólastjóri í Ungbarnaleiksólanum Ársól í Reykjavík, Ólöf Kristín Sívertsen deildarstjóri í Ársól, Sigríður Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri í Árbæ í Árborg og Oddný Baldvinsdóttir aðstoðarskólastjóri á Suðurvöllum í Vogum. Formaður kallaði hópinn saman í júní og var Sigrún beðin að sýra starfinu. Hópurinn hefur hist nokkrum sinnum og skipt með sér verkum. Sigrún mun gera grein fyrir vinnu starfshópsins og hugmyndum á aðalfundinum á Selfossi.

5. ára afmæli Samtakanna

Þann 4. nóvember 2010 voru Samtök Heilsuleiksóla fimm ára. Að því tilefni var haldið afmælishóf í sal Kvenfélags Kópavogs í Kópavogi fimmtudaginn 4. nóvember 2010 kl. 15.00 og stjórnaði Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri í Garðaseli á Akranesi samkomunni.

Formaður Samtakanna Unnur Stefánsdóttir flutti ávarp og sagði frá þróun heilsustefnunnar og heiðraði frumkvöðla hennar, en það eru auk hennar þær Sigrún Hulda Jónsdóttir, Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir og Arndís Ásta Björnsdóttir. Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi flutti ávarp og þakkaði fyrir það að



heilsustefnan varð til í Kópavogi og er mjög stolt af frumkvöðlinum Unni Stefánsdóttur. Leikskólafulltrúi í Kópavogi Sesselja Hauksdóttir flutti afmæliskveðjur.

Börn frá Heilsuleiksskólanum Urðahóli í Kópavogi sungu nokkur lög undir stjórn kennara Birte Harsen.

Sigrún Hulda Jónsdóttir skólastjóri í Heilsuleikssólanum Urðahóli kynnti þriðju útgáfu af Heilsubók barnsins og afhenti formanni Unni Stefánsdóttur fyrsta eintakið. Auk þess afhenti hún Sesselju Hauksdóttur leiksólafulltrúa í Kópavogi og Margréti Björnsdóttur forstjóra Lýðheilsustöðvar eintak af Heilsubók barnsins.

Hulda Jóhannesdóttir skólastjóri í Heilsuleikssólanum Króki í Grindavík kynnti endurskoðuð viðmið heilsuleiksóla og afhenti formanni fyrsta eintakið.

Jónína Lárusdóttir skólastjóri í Heilsuleiksskólanum Fálkaborg í Reykjavík sagði frá námsferð 11 stjórnenda heilsuleiksóla til Ungverjaland í ágúst sl.

Námsferð til Ungverjaland

Á aðalfundi Samtakanna í Reykjanesbæ árið 2009 vék formaður að því hvort stefna ætti að náms- og skemmtiferð til Ungverjaland. Það land kom til álita þar sem kennari frá Ungverjalandi Krisztina sem hefur búið á Íslandi í mörg ár og kennir hreyfingu við Ungbarnaleiksskólann Ársól í Reykjavík, tekur að sér að skipuleggja ferðir þangað. Í Ungverjalandi er lögð áhersla á hreyfiuppeldi barna í leiksólum. Einnig má geta þess að frá Ungverjalandi komu hugmyndir að þeim drögum að fyrstu viðmiðum fyrir heilsuleiksskóla, sem gerð voru hér á landi árið 2002.

Á stjórnarfundum í mars 2009 voru þær Berglind Grétarsdóttir í Ársól, Lilja Kristjánsdóttir í Urðahól og Bjarney K. Bjarnadóttir í Kór tilnefndar í náms- og skemmtinefnd, en þær höfðu allar sýnt áhuga á að vinna þessu máli framgang. Berglind gerði grein fyrir störfum nefndarinnar á aðalfundinum í Vogum árið 2010. Þær höfðu skoðað ferðamöguleika til Bútapest í Ungverjalandi að hausti 2009, en vegna kostnaðar og samdráttar á öllum sviðum í þjóðfélaginu var ákveðið að undangengnum tölvupósta samskiptum að fresta öllum námsferðum árið 2009. Lögðu þær fram drög að ferðaáætlun að ferð til Ungverjaland í ágúst 2010.

Breyting varð á ferðanefndinni. Berglind átti von á barni, Lilja hætti vegna undirbúnings á námsferð með sínum leiksóla Urðarhól og Bjarney hætti við að fara og dró sig út úr nefndinni. Fyrirnefnd Krisztina sá um allan undirbúning erlendis og fór til Ungverjaland í maí 2010, en Jónína Lárusdóttir í Fálkaborg tók að sér að vera fararstjórinn hérlandis. Upphaflega höfðu yfir 24 stjórnendur sýnt áhuga á að fara í þessa ferð, en þegar hún var farin vorum við 11 frá fimm leiksólum.



Saman voru þær Krisztina og Jónína hinir bestu fararstjórar og ferðin var farin dagana 25 – 29. ágúst 2010. Þurftum við að millilenda einu sinni á leið út og tvisvar á leið heim. Dagarnir úti voru skipulagðir frá því snemma að morgni til seint að kveldi og þurftum við einn daginn að vakan kl. 05:30. Fyrsta daginn heimsóttum við þrjá leiksóla, annan daginn tvo og hlustuðum á tvo fyrirlestra og þriðja daginn vorum við í verklegum æfingum hjá dr. Katalin Lakatos sem er frumkvöðull og forstöðumaður BHRG stofnunarinnar í Bútapest, þar sem lögð er áhersla á samþættingu þjálfunar hreyfi-, vitsmuna- og málþroska barna Þegar heim kom frá Ungverjalandi vorum við sem þangað fórum áhugasamar um að fleiri fengju að njóta þess boðskapar sem við kynntumst þar.

Á fundi 21. september sl. skipaði stjórnin þriggja manna starfshóp til að undirbúa hugsanlegt námskeið, sem yrði að lágmarki 10 dagar hér heima og verklegar æfingar að vori 2012 í Ungverjalandi. Þetta voru þær Jónína Lárusdóttir í Fálkaborg formaður, Ásdís Ólafsdóttir Urðahól og Þórunn Júlíusdóttir Kærabæ. Þær unnu hratt og vel og voru í sambandi við Krisztina sem áfram var okkar tengiliður við Ungverjaland.

Jónína kom á stjórnarfund kynntu í febrúar sl. og kynnti möguleika sem felast í því að dr. Katalin komi og kenni námsefni sem möguleiki er að nota í heilsuleiksólum hér á landi. Kennarar sem fara á slíkt námsekið, hafa til þess tilskilin réttindi, sem þeir einir geta notað og kostar þetta heilmikinn pening ár hvert auk 10 daga námskeiðs hér heima og þjálfun í verklegum æfingum í Ungverjalandi.

Eftir góða íhugun ákvað stjórnin að falla frá þessu verkefni, þar sem þetta hentar ekki heilsustefnunni og íslenskum aðstæðum.

Heimasíðan

Heimasíða Samtakanna var opnuð í nóvember 2009, en fyrirtækið Skólar ehf hýsir síðuna. Heimasíðustjóri er Sigríður Páldóttir aðstoðarskólastjóri í Árbæ á Árborg. Vefslóð heimasíðunnar er : <http://heilsustefnan.skolar.is>

Samstarf við Lýðheilsustöð

Formaður og varaformaður heimsóttu Lýðheilsustöð á haustdögum með samstarf í huga. Margrét Björnsdóttir forstjóri benti á að Samtök Heilsuleiksskóla geta sótt um styrk úr Forvarnarsjóði.

Lokaorð

Þegar farið er yfir ársskýrsluna, er ánægjulegt að sjá hversu starfið hefur verið fjölbreytt á starfsárinu og margir komið að verki og vil ég nota tækifærið og þakka ykkur öllum sem hafið komið þar að fyrir ykkar framlag. Nú eru Samtök Heilsuleiksóla 5 ára og hafa stækkað og dafnað heldur betur á þessum tíma. Ég held að við stjórnendur sjö fyrstu heilsuleiksólanna sem stofnuðum Samtökin höfum ekki gert okkur grein fyrir að þau myndu stækka svo hratt. Það að 17 leikskólar séu orðnir heilsuleiksólar og 7 á Heilsubraut, sé eitthvað sem engan

orði fyrir að væri staðan árið 2011.

Það var mikill dugnaður í þeim stjórnendum sem tóku að sér að endurskoða Heilsubók barnsins og vil ég hér með þakka þeim sérstaklega vel unnið verk. Einnig þeim stjórnendum sem endurskoðuðu Viðmið Heilsuleiksóla. Núna erum við með þessi tvö mælitæki ný, fersk og endurútgefin. Það verður spennandi að sjá hvernig Heilsubók ungbarna lítur út, en þar er starfshópur að verki. Náms- og skemmtiferðin til Ungverjalands var afar fróðleg og gaf okkur sem þangað fórum innsýn í það sem er verið að gera þar og með því að skipa nefndina góðu, sem athugaði möguleika á því að taka inn viðbótar námsefni í heilsuleiksóla, var lærdómur út af fyrir sig, þó ekki væri þetta að henta fyrir okkar starfsemi.

Framtíðarsýn

Það er mikill áhugi í samfélaginu fyrir heilsusamlegu líferni sem speglast í því að stjórnendur leiksskóla telja það hag fyrir sitt starf að taka upp heilsustefnuna í leiksskólastarfi. Þetta er afar ánægjulegt og það er hlutverk þeirrar stjórnar sem tekur við nú á aðalfundi að leiðbeina þeim skólum sem áhuga hafa á að vinna eftir stefnunni. Á síðasta aðalfundi minntist ég á það, að brýnt væri orðið að við sækjum okkur fjárstyrk til þess að geta að einhverju leiti haft starfsmann til þess að sinna Leiksólum á heilsubraut og einnig þeim sem eru vígðir. Þess vegna hefur stjórnin ákveðið að sækja um í Forvarnarsjóð, sem starfar á vegum Lýðheilsustöðvar. Það er mikilvægt fyrir komandi stjórn að móta vinnureglur, varðandi það að vera ráðgefandi fyrir heilsuleiksskóla og spurning er hvort skólar eigi að fá endurnýjaða viðurkenningu að einhverjum árum liðnum, eftir formlega vígslu. Við höfum fyrirmynd þar sem Landvernd sinnir grænánunum. Þar þarf að sækja um á tveggja ára fresti til að halda fánunum. Það væri gott ef við fengjum styrk úr Forvarnarsjóði eða annarsstaðar frá til að koma okkar eigin ráðgjafar- og eftirlitskerfi á.

Það er bjart framundan hjá okkur. Á næsta aðalfundi gætu heilsuleiksskólarnir orðið 21 og fleiri bæst við á Heilsubrautina. Heilsustefnan er þeim kostum búin að hún hefur ákveðin grunn að byggja á, en hver skóli getur farið sínar leiðir til að ná markiðinu og það gerir stefnuna frjálssari og gefur henni meiri möguleika til að þróast. Það að alast upp í þessari stefnu á örugglega eftir að hjálpa mörgu barninu og líka fullorðnum til að velja sér heilbrigðan lífsstíl í framtíðinni.

Stjórnendur heilsuleiksóla eru einstaklega framtakssamar konur og hafa mikinn drifkraft. Þessir skólar eru yfirleitt með gott hlutfall fagmenntaðra í starfi og þróunarstarf er fjölþætt.

Ég vil hér með þakka ykkur öllum fyrir ykkar framlag til heilsustefnunnar. Stjórn Samtaka Heilsuleiksóla þakkar gott samstarf á liðnu ári.